

## Úttekt skipulagsfulltrúa vegna umsóknar um skógrækt á Hóli í Hvammssveit.

Umsókn liggur fyrir um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á jörðinni Hóli, landnr. 137716, ásamt skýrslu Skógræktarinnar og greinargerð um jörðina, m.a. út frá viðmiðum varðandi flokkun lands.

Erindið var tekið fyrir af umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar á fundi þann 1. nóvember 2019 þar sem tekin var ákvörðun um að fresta því og var skipulagsfulltrúa falið að taka svæðið út.

Þann 29. nóvember fór undirritaður, Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, og skoðaði aðstæður á umræddu svæði. Jörðin Hóll er í Hvammssveit á Fellsströnd og liggur fyrirhugað skógræktarsvæði norðan bæjarhúsa upp í hlíðinni. Neðsti (syðsti) hluti svæðisins er staðsett í litlum eða engum halla. Ætlað skógræktarland er um 120 ha.

Samkvæmt greinargerð um landkosti, gróður og veðurfar á Hóli sem lögð var fram fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd þann 1. nóvember kemur að mest af fyrirhugaða skógræktarlandinu er með halla frá 12% upp í 30%. Einungis um 12 ha eru með halla undir 5%.

Landgerð fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er skilgreind í greinargerðinni sem vel gróið en grýtt moslendi, graslendi og deiglendi með nokkrum votlendisblettum neðan við 175 m yfir sjó. Svæðið þar fyrir ofan er grýtt og hálf gróið mosa- og mólendi. Í greinargerðinni kemur fram að ekkert af skógræktarlandinu telst vera gott akuryrkju- eða ræktunarland í Flokki I og II og tæpt að nokkuð af því teljist til Flokks III, sem blandað ræktunarland eða gott til túnræktar. Góður og fremur grýttur jarðvegur, hæfilegur raki, hæfilegur halli og góð sólarátt, sem snýr hlémegin við ríkjandi vindátt, gerir landið hins vegar mjög gott fyrir skógrækt.

### Niðurstaða úttektar:

Neðsti hluti fyrirhugaðs skógræktarsvæðis er að hluta til gróðursnautt og eru grýttir melar þar inn á milli. Á stöku stað er að finna þar vott af votlendi, einkum við jaðarinn. Landhalli er lítill en eykst eftir því sem ofar dregur. Ljóst má vera að svæðið fyrir ofan bæjarstaðið, í hlíðinni þar sem brattinn er mestur, fellur undir skilgreiningu svæða um ætlaða skógrækt. Hins vegar er það álitamál hvort svæðið í flatlendinu vestan og austan við bæjarstaðið geti að einhverju leyti fallið undir skilgreiningu ræktaðs lands í framtíðinni.

### Endurskoðun aðalskipulags:

Til að eyða allri óvissu í þessum málaflokki verður flokkun landbúnaðarlands veigamikill þáttur í endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016. Sú vinna hefst að öllum líkindum í janúar 2020 og verður reynt að flýta þeirri tilteknu vinnu, svo unnt sé að fá niðurstöðu í öll þau mál tengd skógrækt í sveitarfélaginu sem nú eru í bið.

Það er mat skipulagsfulltrúa að ekki sé unnt að veita framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt að Hóli í Hvammssveit að svo stöddu eða þar til niðurstaða fyrirhugaðrar skipulagsvinnu í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins í þessum tiltekna málaflokki liggur fyrir.

Búðardalur 2. desember 2020.

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar.

Meðfylgjandi eru myndir teknar á Hóli 29. nóvember sl.:



